



# „Það er ekki til ein uppskrift“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi

Hanna Ragnarsdóttir

► Abstract    ► Um höfund    ► About the author    ► Heimildir

Árið 2016 kom hópur sýrlenskra kvótaflóttafjölskyldna til Íslands frá Líbanon og settist að í þremur sveitarfélögum (Stjórnarráð Íslands, 2019). Markmið rannsóknarinnar, sem hófst síðla árs 2016 og er langtímarannsókn, eru að athuga reynslu flóttabarna og foreldra þeirra af leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi; og að athuga reynslu stjórnenda og kennara í skólum og frístundaheimilum af móttöku barnanna, skipulagi náms og samstarfi við foreldrana. Í greininni er fjallað um þær niðurstöður rannsóknarinnar er snúa að reynslu starfsfólks leikskóla af móttöku og starfi með flóttabörnum úr hópnum og foreldrum þeirra fyrsta árið. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar er í gagnrýnum sjónarhornum á menntun og skólastarf (Banks, 2013; May og Sleeter, 2010; Nieto, 2010) og fjöltyngismenntun til félagslegs réttlætis (Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2004; Skutnabb-Kangas, Phillipson, Mohanty og Panda, 2009). Gagnrýnin sjónarhorn á menntun og skólastarf og fjöltyngismenntun til félagslegs réttlætis eru mikilvæg tæki til að varpa gagnrýnu ljósi á reynslu barna af menntun og leggja til umbætur. Gagna var aflað með hálfstöðluðum viðtölum við starfsfólk sex leikskóla. Niðurstöður benda til þess að börnunum vegni vel í leikskólunum og samstarf við foreldra gangi almennt vel, ekki síst vegna góðs undirbúnings fyrir komu flóttabarnanna. Það eru þó ærin verkefni sem leikskólarnir standa frammi fyrir, og snerta m.a. ólík tungumál og menningu.

*Efnisorð:* Flóttabörn, leikskólar, fjölskyldur, áskoranir.

## Inngangur

Fólk flytur til Íslands af ólíkum ástæðum, en hluti þeirra sem flytja til landsins er flóttafólk og hefur þeim fjölgað undanfarin ár. Á síðustu áratugum (1956–2018) hafa alls 704 kvótaflóttamenn sest að hér á landi (Stjórnarráð Íslands, 2019). Síðustu fjögur ár hefur Ísland tekið á móti flóttafólki frá Sýrlandi sem sest hefur að í nokkrum sveitarfélögum.

Rannsóknin fjallar um ellefu fjölskyldur kvótaflóttafólks frá Sýrlandi sem komu til Íslands árið 2016 og settust að í þremur sveitarfélögum. Markmið rannsóknarinnar, sem hófst síðla árs 2016 og er langtímarannsókn, eru að athuga reynslu flóttabarna og foreldra þeirra af leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi; og að athuga reynslu stjórnenda og kennara í skólum og frístundaheimilum af móttöku barnanna, skipulagi náms og samstarfi við foreldrana. Í greininni er fjallað um reynslu starfsfólks sex leikskóla í sveitarfélögunum þremur af móttöku og starfi með sjö flóttabörnum úr hópnum og foreldrum þeirra fyrsta árið.

## Móttaka kvótaflóttafólks á Íslandi

Þegar fjölskyldur kvótaflóttafólks koma til Íslands fer af stað ferli um móttöku þeirra og stuðning sem hefur verið skipulagt á löngum tíma í samstarfi Velferðarráðuneytisins, Rauða kross Íslands og sveitarfélaga (Stjórnarráð Íslands, 2013). Hver fjölskylda fær 3–5 stuðningsfjölskyldur, en hlutverk stuðningsfjölskyldna er einkum að styðja flóttafólkið félagslega og við aðlögun að samfélaginu. Fjölskyldunum eru útvegaðar íbúðir hjá sveitarfélögunum sem taka á móti þeim. Samningarnir við sveitarfélögin eru að jafnaði til eins árs. Námskeið eru skipulögð fyrir fullorðna einstaklinga í hópum flóttafólks, annars vegar íslenskunámskeið og hins vegar námskeið um menningu og samfélag. Börn kvótaflóttamanna byrja flest í skólum um leið og fyrstu heilbrigðisskoðun lýkur. Teymi skipuleggja og undirbúa komu flóttafólksins í hverju sveitarfélagi. Þau geta verið ólík eftir sveitarfélögum, en í þeim taka þátt m.a. fulltrúar Rauða krossins, sveitarfélaga, skóla, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfisins. Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks (Velferðarráðuneytið, 2014) kveða á um framkvæmd þjónustu við flóttafólkið, m.a. margvíslega félagslega og fjárhagslega aðstoð, íslenskukennslu og skólagöngu barna.

Sveitarfélög sem taka á móti flóttafólki skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk sitt. Skólaskrifstofur bjóða starfsfólki skóla á fundi og halda námskeið til að undirbúa komu flóttabarnanna. Á námskeiðunum er m.a. fjallað um áfallastreitu og reynslu flóttabarna með almennum hætti. Að kennslu á námskeiðunum koma m.a. verkefnastjórar frá Rauða krossinum í málefnum flóttafólks og sálfræðingar.

## Fræðilegur bakgrunnur

Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar er í gagnrýnum sjónarhornum (e. critical theories) á menntun og skólastarf (Banks, 2013; May og Sleeter, 2010; Nieto, 2010) þar sem réttindi minnihlutahópa til menntunar eru í forgrunni, svo og vinna gegn ójöfnuði. Sjónarhorn fjöltyngismenntunar til félagslegs réttlætis (Chumak–Horbatsch, 2012; Cummins, 2004; Skutnabb–Kangas, Phillipson, Mohanty og Panda, 2009) er einnig lagt til grundvallar í rannsókninni. Gagnrýnin sjónarhorn á menntun og skólastarf og fjöltyngismenntun (e. multilingual education) til félagslegs réttlætis eru mikilvæg tæki til að varpa gagnrýnu ljósi á reynslu barna af menntun og leggja til umbætur.

Siraj–Blatchford (2006) bendir á að börn geti upplifað mismunun á grundvelli uppruna, tungumáls, kyns og stéttar þó að slíkt sé ekki ætlunin í skólastarfinu. Hún telur mikilvægt að öll börn læri virðingu fyrir fjölbreytileikanum og að komið sé í veg fyrir innbyggða mismunun í menntastofnunum. Robinson og Díaz (2006) hafa á sama hátt lagt áherslu á félagslegt réttlæti í menntun fyrir öll börn og að það feli m.a. í sér markvisst samstarf við foreldra þeirra. Mikilvægt sé að virkja foreldra til þátttöku, ekki síst þá foreldra sem eru í jaðarstöðu. Þórdís Þórðardóttir (2016) heldur fram í grein sinni um jafnrétti í leikskólum að þar geti, eins og annars staðar í samfélaginu, myndast menningartengdar hindranir þó að erfitt geti reynst að greina þær í erli dagsins. Gera þurfi greinarmun á mismunun utan valdsviðs leikskólanna og menningarbundinni mismunun sem vinna má gegn innan leikskólanna.

Cummins (2001, 2004) telur, að til að hægt sé að þróa námsrými jöfnuðar fyrir fjöltyngda nemendahópa, þurfi skólar að leggja áherslu á aðferðir sem byggja á reynslu og þekkingu nemenda, m.a. í tungumálum. Chumak–Horbatsch (2012) heldur því fram að kennsluáferðir sem leggja áherslu á eitt tungumál hafi neikvæðar afleiðingar fyrir fjöltyngda nemendahópa og leiði til þöggunar fjöltyngdra nemenda. Skilaboð til þeirra séu að móðurmál þeirra séu bönnuð og að þekking þeirra á tungumálum sé minna virði en hinna nemendanna. Því þurfi að byggja markvisst á tungumálum allra barna í skólastarfi.

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á mikilvægi menntunar fyrir félagslegan og tilfinningalegan bata flóttabarna og bent til þess að skólaumhverfi hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að auðvelda félagsmótun og aðlögun flóttabarna að nýrri menningu (Eisenbruch, 1988; Hones og Cha, 1999). Ef vel er að staðið, geta leikskólar þannig verið mikilvægur vettvangur fyrir flóttabörn sem stíga þar mörg sín fyrstu skref í menntun, oft í framandi umhverfi. Fyrir þessi börn getur flutningur úr leikskóla í grunnskóla einnig verið sérstök áskorun. Jóhanna Einarsdóttir (2007) hefur bent á að þegar börn hefji grunnskólanám að loknum leikskóla fari þau í raun úr einni menningu eða einum heimi yfir í annan og þurfi að takast á við ýmsar breytingar. Hún nefnir að rannsóknir í íslenskum leik- og grunnskólum bendi til þess að algengustu aðferðirnar sem notaðar séu til að tengja skólastigin felist í því að kynna leikskólabörnum grunnskólann með ýmsu móti. Fátítt sé hins vegar að leikskólakennarar veiti upplýsingar um starfshætti leikskólans eða að grunnskólakennarar leiti eftir þeirri vitneskju.

Skólar standa frammi fyrir margvíslegum verkefnum og áskorunum í vinnu með flóttabörnum. Block, Cross, Riggs og Gibbs (2014) benda á að með fjölgun flóttafólks og hælisleitenda sé mikilvægi skólaumhverfisins við að styðja aðlögun og þátttöku flóttabarna viðurkennt í auknum mæli. Skólar geti þó verið illa undirbúnir fyrir að bregðast við hinum ýmsu áskorunum sem flóttabörn glíma við. Ein af áskorunum sem flóttabörn standa frammi fyrir er að læra nýtt tungumál um leið og þau takast á við menntakerfi og félagskerfi sem eru þeim ókunnug. Auk þess glíma mörg þeirra við áfallastreitu vegna erfiðra skilyrða fyrir komu til nýja landsins. Niðurstöður rannsókna um samvinnu mennta- og heilbrigðisstofnana við móttöku flóttabarna (Jones og Rutter, 1998; Richman, 1998; Rousseau, Measham og Nadeau, 2012; Ziaian, de Anstiss, Antoniou, Sawyer og Baghurst, 2012) benda til þess að mörg flóttabörn eigi erfiða reynslu að baki sem haft getur áhrif á menntun þeirra og því sé samvinna stofnana nauðsynleg til að greina vanda og áfallastreitu flóttabarna og veita viðeigandi þjónustu. Rannsóknir (sjá Hughes, 2014) hafa einnig sýnt að sumar flóttafjölskyldur eigi erfitt með að nálgast og sækja sér geðheilbrigðisþjónustu vegna þeirrar smánar sem getur tengst því að þurfa á henni að halda og skorts á þekkingu um leiðir sem bjóðast. Það er því talið mikilvægt að menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir þrói sameiginlega leiðir til að styðja flóttabörn (Jones og Rutter, 1998).

Richman (1998) hefur athugað reynslu flóttafólks og flóttabarna, svo sem missi sem þau hafa upplifað og breytingar sem þau upplifa t.d. þegar fjölskyldur sundrast. Slíkar breytingar geta haft mikil áhrif á sjálfmynd barnanna að mati Richman. Hún bendir þó á að erfið reynsla flóttabarna birtist með mismunandi hætti eftir aldri þeirra. Hjá ungum börnum geti hún m.a. birst í aðskilnaðarkvíða og árásargirni. Það þurfi því að gefa þeim nægan tíma til að venjast nýjum aðstæðum. Richman leggur áherslu á traust og gott samstarf skóla og fjölskyldna, auk skapandi starfs fyrir börnin sem veiti þeim gleði og styðji við félagsfærni þeirra og jákvæða sjálfmynd. Að sögn Richman þurfa foreldrar flóttabarna líka að laga sig að nýjum hlutverkum. Margt flóttafólk sé vel menntað, en menntun þeirra sé e.t.v. ekki viðurkennd í nýja landinu. Þetta skapi vanlíðan hjá mörgu flóttafólki. Konur í hópi flóttafólks hafa hugsanlega misst fyrra hlutverk sitt sem heimavinnandi húsmæður eða sjálfstæðar útivinnandi konur, sumar eru jafnvel óvanar því að fara einar út eða vera meðal ókunnugra. Margar konur og einnig mæður ungra barna upplifa því einangrun í nýja landinu.

Nýlegar rannsóknir með flóttafólki á Íslandi varpa ljósi á hvað má bæta í móttöku og meðferð flóttabarna og fjölskyldna þeirra. Markmið eigindlegrar rannsóknar Elsu Hrundar Jensdóttur (2016) með íslensku og sænsku heilbrigðisstarfsfólki var að greina þætti sem bæta mætti í móttöku og meðferð flóttabarna og fjölskyldna þeirra á Íslandi og í Svíþjóð. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að flóttafjölskyldur standi frammi fyrir ýmsum áskorunum, m.a. tengdum tungumálum og aðlögun að nýju landi þar sem gildi eru ólík þeirra eigin. Foreldrarnir vilja skapa börnum sínum öruggt umhverfi og ný tækifæri sem bjóðast í nýja landinu. Enn fremur benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að verkferlum í heilbrigðiskerfinu sé ábótavant og vanþekking á málefnum flóttafólks og annarra innflytjendahópa í heilbrigðiskerfinu sé töluverð. Drengar eru þær ályktanir að endurmeta og endurskipuleggja þurfi heilbrigðiskerfi Íslands og

Svíþjóðar hvað varðar þjónustu við flóttafólk. Einnig þurfi að bæta aðgengi að fræðsluefni og upplýsingum á tungumálum innflytjenda og efla fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks með það fyrir augum að auka menningarnæmi í heilbrigðiskerfinu. Í nýlegri skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands (2017) um greiningu á þjónustu flóttafólks á Íslandi var bent á mikilvægi samstarfs stofnana sem koma að þjónustu við flóttafólk. Þar er einnig bent á að efla þurfi kennslu í íslensku og huga að aðstæðum ungs fólks.

Rannsóknir á Íslandi sem tengjast menntun flóttabarna benda m.a. til þess að börnunum finnist skólastarf á Íslandi ólíkt því sem þau áttu að venjast í heimalandinu, þau telji íslenska tungumálið mikilvægt til að geta átt samskipti, en sum eigi jafnframt í erfiðleikum með að tengjast íslenskum jafnöldrum sínum. Í niðurstöðum rannsóknar Guðbjargar Ottósdóttur og Helenu N. Wolimbwa (2011) um viðhorf og reynslu flóttabarna á Íslandi kemur m.a. fram að þau telja færni í tungumálinu, svo og viðhorf jafnaldrar og samfélagsins í heild skipta mestu máli í aðlögun að íslensku samfélagi. Þau nefna einnig að þó að þeim líði vel á Íslandi þá sjái þau ekki fyrir sér að vilja búa hér í framtíðinni. Þau telja námið erfitt en þeim gengur þó almennt vel og líður vel.

Fyrstu niðurstöður rannsóknar höfundar og samstarfsfólks (Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama, 2018a; 2018b) um reynslu flóttabarna, foreldra þeirra, kennara og skólastjóra af leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi benda til þess að þó að flestum börnum gangi vel í náminu og þau taki virkan þátt í skólastarfinu, séu undantekningar á því. Foreldrarnir hafi sumir áhyggjur af því að börnin læri ekki nóg og eldri börnin standi frammi fyrir ýmsum áskorunum, bæði námslega og félagslega. Sum barnanna og foreldranna glíma við ólæsi og sum barnanna hafa misst nokkur ár úr skóla. Áfallastreita hjá börnunum hefur einnig komið fram. Sum eldri börnin hafa vanist óvinsamlegu umhverfi og eiga erfitt með að skilja og meðtaka væntumþykju annarra barna. Þá gera ólík menning, hefðir og trúarbrögð bæði börnum og foreldrum erfitt fyrir.

Í meistaraverkefni Silju Guðbjargar Hafliðadóttur (2018) beindi hún athygli að sjónarhorni leikskólastarfsfólks sem hefur tekið á móti börnum kvótaflóttafólks og börnum fólks sem sótt hefur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ákveðnar aðferðir og verkfæri reynist vel í samskiptum við börnin, svo sem sjónrænt skipulag og að setja orð á athafnir. Auk þess reynist notkun túlka og vefsíðunnar [translate.google.com](https://translate.google.com) vel í samskiptum við foreldra þeirra. Einnig kemur fram að þörf er á aukinni fræðslu frá öðrum stofnunum og frekara samstarfi þar á milli til að styðja betur við kennara.

Þrátt fyrir að niðurstöður ýmissa rannsókna hafi bent til þess að margt megi betur fara í skólastarfi með flóttabörnum, hafa fyrri rannsóknir einnig leitt í ljós að skólar í ýmsum löndum hafa þróað skólastarf og námsrými fyrir fjölbreytta nemendahópa, þar á meðal flóttabörn, þar sem þeim hefur gengið vel námslega og félagslega (sjá Hanna Ragnarsdóttir og Clea Schmidt, 2014; Hanna Ragnarsdóttir, 2016). Í þessum skólum er áhersla lögð á félagslegt réttlæti og jöfnuð, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum, markvissri vinnu með tungumál barnanna og menningu ásamt öflugum samstarfi við foreldra. Keddie (2012), sem kannaði hvernig brugðist er við flóttabörnum í skólum í Ástralíu, telur á sama hátt lykilatriði í skólastarfi fyrir velgengni þeirra vera að skapa þeim umhverfi án aðgreiningar þar sem menning þeirra og sjálfsmynd er viðurkennd.

## Aðferð og framkvæmd rannsóknar

Í greininni er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar er snúa að reynslu starfsfólks leikskóla af móttöku og starfi með flóttabörnum úr hópnum og foreldrum þeirra fyrsta árið. Eigindlegum aðferðum var beitt í rannsókninni. Eigindlegar aðferðir eru bæði lýsandi og túlkandi og bjóða upp á sveigjanleika í rannsóknarsniði og framsetningu. Þær henta því vel þegar skoða á félagsleg tengsl (Flick, 2006). Gagnrýnið eigindlegt rannsóknarsjónarhorn var valið þar sem það felur í sér nálgun gagnrýninnar uppeldisfræði sem er umbótamiðuð og valdeflandi (Denzin, Lincoln og Smith, 2008).

Gagna var aflað með hálfstöðluðum viðtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og annað starfsfólk alls sex leikskóla í þremur sveitarfélögum sem tóku á móti kvótaflóttafólki árið 2016. Alls hófu sjö flóttabörn skólagöngu í leikskólunum árið 2016 og voru þá á aldrinum eins árs til fimm ára. Í hálfstöðluðum viðtölum er stuðst við fyrirfram mótaðan viðtalsramma, án þess þó að flæði viðtalsins verði heft með spurningum (Kvale, 1996). Gögnum var safnað í sex viðtölum á tímabilinu frá apríl til júní 2017. Haft var samband við skólaskrifstofur og fengin leyfi til að gera rannsókn í leikskólunum. Síðan var haft samband við leikskólastjórana, þeir beðnir um að taka þátt og jafnframt benda á starfsfólk í leikskólunum sem gæti miðlað reynslu sinni af vinnu með flóttabörnunum. Viðtöl voru tekin við alls tólf starfsmenn leikskóla, þar af fimm leikskólastjóra, fjóra deildarstjóra og þrjá aðra starfsmenn og tóku tveir starfsmenn þátt í hverju viðtali. Viðtölin tóku 60-90 mínútur hvert, fóru öll fram í leikskólunum og voru á íslensku. Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt síðar.

Leikskólarnir eru að mörgu leyti ólíkir. Stærð þeirra er mismunandi, svo og aldur þeirra, stefna og starfshættir. Hlutfall barna af erlendum uppruna er mishátt í leikskólunum sex, en allir hafa þeir einhverja reynslu af starfi með fjölbreyttum barnahópum hvað varðar menningu, tungumál og trúarbrögð þó að sú reynsla sé mismikil og viðamikil.

Demagreining (Braun og Clarke, 2013) var notuð til að greina gögnin. Þau voru greind með opinni kóðun og dregin voru fram sameiginleg þemu, síðan var farið yfir þemun til að finna lykilorð (Flick, 2006). Helstu þemu sem fjallað er um í þessari grein eru niðurstaða þessa greiningarferlis.

Siðareglum um menntarannsóknir hefur verið fylgt í rannsókn þeirri sem hér er fjallað um (Kvale, 2007; Sigurður Kristinsson, 2013). Rannsóknin var skráð hjá Persónuvernd. Þátttakendur í rannsókninni voru upplýstir um tilgang hennar, framkvæmd og að nafnleynd þeirra yrði tryggð í rannsókninni. Rannsakendur gættu fyllsta trúnaðar við skóla og þátttakendur með því að upplýsingar væru aldrei rekjanlegar (Flick, 2006). Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 31 gr. nr. 77/2000, þá var þessi rannsókn tilkynningarskyld. Persónuvernd var tilkynnt um framkvæmd rannsóknarinnar áður en hún hófst, nánar tiltekið 31. ágúst 2016. Jafnframt fylgdu rannsakendur Vísindasiðareglum Háskóla Íslands (2014).

## Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á viðtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og annað starfsfólk í leikskólunum sex. Meginþemu sem fram komu við greiningu gagna voru: *Undirbúningur fyrir komu flóttabarnanna; móttaka barnanna og fyrsta árið; starfshættir; máltaka og málörvun; flutningur í grunnskóla; samstarf foreldra og leikskóla; og menning og trúarbrögð.*

## Undirbúningur fyrir komu flóttabarnanna

Móttökuteymi sem samanstóðu af sérfræðingum og verkefnastjórum skipulögðu undirbúning fyrir komu flóttabarnanna og fjölskyldna þeirra í sveitarfélögunum þremur. Fjölskyldurnar sóttu undirbúningsnámskeið um íslensku og íslenskt samfélag í nokkrar vikur eftir komuna til sveitarfélaganna. Auk þess fékk hver fjölskylda þrjár til fimm stuðningsfjölskyldur fyrsta árið, sem aðstoðuðu við daglegt líf, íslenskunám og veittu fjölskyldunum almennan stuðning eftir þörfum.

Enginn leikskólanna hafði áður tekið á móti flóttabörnum. Skólaskrifstofurnar í sveitarfélögunum þremur héldu fundi og námskeið með starfsfólki skóla, þar á meðal leikskólanna til að undirbúa komu barnanna þar sem m.a. var fjallað um áfallastreitu og reynslu flóttabarna með almennum hætti. Að kennslu á námskeiðunum komu m.a. verkefnastjórar frá Rauða krossinum í málefnum flóttafólks og sálfræðingar. Einnig fjallaði starfsfólk annarra sveitarfélaga um reynslu sína af móttöku flóttafólks. Almenn var starfsfólk leikskólanna ánægt með undirbúninginn.

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

Ýmsar leiðir voru notaðar í leikskólunum til að undirbúa börn og foreldra fyrir komu flóttabarnanna og að sögn þátttakenda tóku börnin vel á móti þeim. Dæmi voru um að foreldrum hefði verið sendur tölvupóstur þar sem kynnt var að leikskólinn væri að taka á móti flóttafjölskyldu. Í viðtölum kom fram að spurningar hefðu vaknað hjá börnunum sem fyrir voru um hvers vegna barn borðaði ekki kjöt. Þátttakendur nefndu að börnin bæru virðingu fyrir því sem ólíkt væri hjá flóttabörnunum og að það hefði almennt gengið vel að taka á móti þeim. Hvað foreldrana varðar nefndi einn leikskólastjóri að það hefði verið „feimni til að byrja með í fataklefanum“ en hins vegar hefði alltaf verið „einhver sem talar við þau og þau eiga alveg vini í foreldrahópnum.“ Þannig taldi leikskólastjórinn að almennt hefði verið jákvæðni hjá foreldrum í leikskólanum gagnvart flóttafólkinu.

Þátttakendur lýstu því hve mikilvægur stuðningur sveitarfélagsins og stuðningsfjölskyldnanna hefði verið, bæði fyrir leikskólana og fjölskyldurnar. Einnig kom fram að í minnsta sveitarfélaginu hefði ríkt almenn jákvæðni gagnvart komu flóttafólksins, sem kannski tengdist smæð staðarins. Einn leikskólastjóri sagði um þetta:

... það var líka bara mjög mikil jákvæðni áður en þau komu ... þú veist fólk var að gefa hlutina sína til þess að safna í íbúðina fyrir þau og eitthvað svona, það var ótrúlega mikið af hlutum sem komu, það var ekki notaður helmingurinn af því ... þetta var vel kynnt hjá bænum ... og vel farið af stað ... bæjarbúar vissu almennt af þessu, tilfinningin fyrir komu fólks var mjög jákvæð.

Þátttakendur nefndu að það hlyti að vera afar mikilvægt fyrir flóttafólkið að undirbúningur væri svo góður. Að sama skapi veitti það starfsfólki leikskólanna öryggi hversu vel var haldið utan um undirbúning fyrir komu flóttafólksins og móttöku þess. Einn starfsmaður leikskóla sagði:

... ég held líka að þessi móttaka á þeim og það var búið þegar þau koma, þá voru þau búin að fá húsnæði, það er tilbúið, það er einhver sem heldur vel ... stuðningsfjölskyldurnar eru á svæðinu, það er bara búið að taka stóran hluta af áhyggjunum af þeim ... hérna eru bara allir aðilar að vinna ... það er ... búið að fá tannlækni og heimilislækni og þú veist, liggur við, vinnu og búið að redda öllum skólamálum og íbúð og ... þetta er náttúrulega alveg frábært hvernig var staðið að þessu hérna.

Starfsmaður í sama leikskóla bætti við um stuðninginn við foreldrana:

Þannig að maður svona vissi að þau voru í góðum höndum, maður ... sá að þau voru að sleppa einhvern veginn, axlirnar voru komnar niður sko ... þannig að maður fann að þau voru svona að verða öruggari og koma í raun og veru óvenju örugg inn í leikskólann ... kom okkur á óvart sko ... og það var mjög jákvætt að sjá hvað þau voru tilbúin að aðlagast, hvað þau vildu kynnast skólanum og svona reyna að setja sig inn í hvað var verið að gera.

Einn leikskólastjóri nefndi að búið væri að undirbúa flóttafólkið mjög vel áður en börnin byrjuðu í skólunum, mun betur en annað fólk sem flytti til landsins:

... það er mikið búið að vinna með þessa foreldra ... á undan skólagöngunni í rauninni ... þau eru búin að fá miklu ítarlegri kynningu á öllu íslenska kerfinu heldur en fólk sem bara flytur hingað einn daginn og birtist inni á gólfi hjá okkur.

Samskipti leikskólanna við fulltrúa sveitarfélaganna eftir undirbúningsnámskeiðin voru þó mismikil. Á sama hátt voru samskipti leikskólanna við stuðningsfjölskyldurnar mismunandi og í sumum tilvikum engin. Sumir þátttakenda töldu að eftirfylgni og þjónusta frá sveitarfélaginu hefði átt að vera meiri eftir fyrsta árið, en þá var verkefninu um móttöku og stuðning við flóttafólkið lokið af hálfu sveitarfélaganna. Einn leikskólastjóri sagði um þetta: „Verkefninu er tæknilega séð lokið ... nú bara björgum við okkur með túlk og þau eru bara almennir borgarar.“

## Móttaka barnanna og fyrsta árið

Börnin komu úr mismunandi aðstæðum, sum höfðu upplifað átök en önnur ekki. Það kom starfsfólki stundum á óvart hversu góðu jafnvægi börnin voru í þar sem starfsfólkið hafði verið búið undir annað. Einn leikskólastjóri sagði:

... miðað við það sem við höldum fyrst miðað við hvernig var talað við okkur ...  
þá höldum við að við værum að fá bara barn ... beint úr einhverjum hræðilegum  
tjaldbúðum og bara ... eitthvað en það var alls ekki þannig.

Sumir foreldrar í hópi flóttafólks höfðu verið í góðri stöðu í Sírylandi og voru vel menntaðir. Það kom starfsfólki leikskóla stundum á óvart að fjölskyldurnar voru betur staddar en það hafði átt von á. Einn leikskólastjóri sagði um þetta:

... þau voru með iPada og þau voru með síma og þau voru með eitthvað sem þeim hafði  
áskotnast í Líbanon ... þannig að maður er svona aðeins áttavillt á stöðunni þeirra ...  
einhvern veginn hélt maður að þau væru sko, hefði maður haldið að þau væru beygðari.

Drátt fyrir að fjölskyldurnar væru vel tækjum búnað og virtust vera í góðu jafnvægi í upphafi þurfti að styðja við þær með ýmsum hætti og m.a. útvega kulda- og regnföt fyrir börnin. Þá kom einnig í ljós þegar leið á fyrsta árið að líðan foreldra og barna var sveiflukennnd. Starfsfólk leikskóla sýndi þessu mikinn skilning, svo og því hve erfitt það hlýti að vera fyrir fjölskyldurnar að koma inn í svo gjörólíkt samfélag og aðstæður. Einn leikskólastjóri sagði um unga móður í hópnum:

... þetta hlýtur að vera rosalega skrýtið líf og auðvitað ... íslenskir foreldrar orðnir  
alveg hundleiðir að hanga einir heima með ómálga barn, eins og við erum að byggja  
upp samfélagið okkar þá nennum við því ekkert ... og hvernig er þessi kona, ein í  
ókunnugu landi þar sem er myrkur næstum því allan sólarhringinn og núna er bjart allan  
sólarhringinn ...

Móttaka flóttabarnanna í leikskólunum var skipulögð með svipuðum hætti og móttaka annarra barna af erlendum uppruna í leikskólunum og voru m.a. notaðir túlkar til að eiga samskipti við foreldrana.

Eins og áður segir voru börnin á aldrinum eins til fimm ára þegar þau hófu leikskólagöngu sína og því á mismunandi þroska- og máltökuskeiði. Almenn gekk aðlögun barnanna vel, svo og samskipti þeirra við önnur börn og þátttaka í leikskólafarfinu. Ekki bar á afleiðingum áfalla hjá börnunum, nema hjá einu barni sem sótti í stríðsleiki og átök, en starfsfólkið lagði sig fram um að beina leik barnsins inn á aðrar brautir. Börnin höfðu verið undirbúin sérstaklega fyrir komu flóttabarnsins í sumum leikskólanna og það gafst vel. Leikskólastjóri og starfsmaður í einum leikskólanum sögðu í þessu samhengi:

... það var eiginlega bara strax, og hann er mjög vinsæll í hópnum ... þær voru rosalega  
flottar í að taka á móti honum. Það var fagstjórinn í tónlist, hún hafði þýtt arabískt lag yfir  
á íslensku og kenndi börnunum það á arabísku ... þannig þau sungu það fyrir hann þegar  
hann kom ... á arabísku og svo á íslensku líka þannig barnahópurinn ... var undirbúinn  
... að taka á móti drengnum ... þau vissu að hann var að koma frá Sírylandi ... þau voru  
spennt að fá hann ... og þau voru ofboðslega umhyggjusöm ... og ... umburðarlynd  
gagnvart honum ... og voru spennt að fá hann inn í leikinn þannig að honum var vel  
tekið og ég held að það hafi skilað því að hann sýnir áhugann á íslenskunni og greinilegt  
að þau eru metnaðarfull fyrir námi og öðru ... þannig að það hjálpaðist allt að, þannig  
hann var nánast orðinn talandi eftir þrjá, fjóra mánuði ... við líka vorum með leikhópa,  
það voru markvissir leikhópar þar sem hann var, við segjum náttúrulega engum „leiktu  
við hann“ en sú stund er bara sköpuð.

## Starfshættir

Leikskólarnir í rannsókninni eru ólíkir eins og áður hefur komið fram og þar er mismikil reynsla af starfi með börnum af erlendum uppruna. Börnin í leikskólunum hafa tekið virkan þátt í leikskólastarfinu með öðrum börnum en eldri börnin fá sum stuðning við íslenskuna í minni hópum. Sums staðar hefur stuðningur verið veittur við móðurmál barnanna utan skólans.

Starfsfólk leikskólanna nefndi sumt muninn á því að taka á móti flóttabarni annars vegar og barni af erlendum uppruna hins vegar. Einn leikskólakennari sagði í þessu samhengi að börnin fengju jafnmikinn tíma og önnur börn, en við bættist erfið reynsla foreldra og barna og því þyrfti að leggja sérstaka áherslu á að skapa traust:

Þannig að þarna bætist í rauninni bara áfallið við sem flóttafólk ... og líka foreldrarnir, af því þau áttu mjög erfitt með að treysta ... og alveg bara, er ekki örugglega hliðið læst af því hann fer bara heim og alls konar svona líka sem við þurfum að sannfæra þau, að hann sé öruggur hér.

Þó að börnin tækju þátt í almennu starfi leikskólanna voru farnar ýmsar leiðir í leikskólunum til að stuðla enn frekar að þátttöku barnanna. Dæmi voru um að börnin hefðu sérstakan stuðningsaðila sem fylgdi þeim í starfinu. Í einum leikskóla var slíkur stuðningur skipulagður til að auðvelda aðlögun barnsins í upphafi og svo var smám saman dregið úr honum. Stuðningsaðilinn tengdist fjölskyldunni og skapaði traust milli foreldra og leikskóla.

Ýmsar leiðir voru farnar til að skapa traust og öryggi fyrir barnið og til að styrkja tengslin milli leikskóla og foreldra. Samskiptabækur voru notaðar með myndum af foreldrum og systkinum barnsins og starfsfólkinu í leikskólanum og nöfnum þeirra. Smám saman var bætt við myndum og hugtökum til að styðja við íslenskuna. Einn leikskólastjóri lýsti því hvernig samskiptabók hafði nýst foreldrunum jafnt sem börnunum:

Þau voru mjög svona tilbúin að vera með þessa bók alltaf á milli ... þannig að þau voru mjög samvissusöm að koma alltaf með hana á hverjum morgni inn ... sögðust nota hana líka til að læra íslensku.

Leikræn tjáning var einnig notuð til að auðvelda máltöku íslensku. Sýnileiki tungumála allra barna í leikskólanum var einnig notaður til að skapa þeim traust og öryggi og efla þau. Þannig var t.d. sungið og talið á arabísku.

## Máltaka og málörvun

Máltaka yngri barnanna í íslensku gekk almennt vel fyrsta árið að sögn starfsfólks leikskólanna sem taldi börnin vera á sama stað og önnur tvítýngd börn. Yngri börn fylgdu öðrum börnum í öllu starfi, en þau eldri fengu sérstakan stuðning í íslensku í leikskólunum eftir því sem starfsfólkið taldi þurfa. Starfsfólk nefndi sérstaklega að þó að börnin væru fljót að ná leikmálinu, vantaði stundum upp á orðaforða hjá eldri börnunum og þá væri reynt að bregðast sérstaklega við því. Einn leikskólastjóri sagði:

... þau eru alveg í félagslegum samskiptum við börnin hérna, fram að sex ára aldri eru þau alveg að plumma sig en sko fjölbreytnin í orðavali af því íslenskan er svo auðug og þegar fer að koma þyngra orðalag í bóklestri og þetta og ýmsir hlutir sem að kannski við erum ekki að vinna með inn í leikskóla sem ... er bara unnið með heima eins og bara eldhúsáhöld – hvað heitir ausa hvað heitir hitt og þetta alls konar ... orðaforði sem bara vantar upp á og við erum sem sagt með átak svolítið í gangi með þetta og þar með eru þau ... með í því sko.



Framfarir barnanna í íslensku fyrsta árið héldust gjarnan í hendur við framfarir foreldranna að sögn starfsfólks leikskólanna. Einn starfsmaður nefndi að barnið hefði þannig verið mjög ánægt þegar móðirin var farin að tjá sig á íslensku:

... þannig að fyrstu kynnin voru bara flott sko og ... þannig ... já það svona veitti örugglega ákveðið öryggi og maður sá það líka á honum þegar hún gat notað nokkur orð ... hann svona, honum fannst það, hann ljómaði svona þínu sko ... en þetta er reyndar algert undrabarn og snillingur þessi drengur vegna þess að máltakan hjá honum hefur verið sko mjög góð ... hann er orðinn fullfær á íslenskuna ... tók langan tíma að ná góðri færni og hann er bara jafnfætis sumum íslenskum jafnöldrum sínum á mörgum sviðum ... þannig að hann kemur vel út í Hljóm-2 og öllu þessu ... samskiptum og hljóðkerfisvitund ... þannig að hann er einstakur og hann náttúrulega, mamman farin að tala talsvert góða íslensku núna.

Þó að framfarir hafi almennt verið góðar hjá börnunum fyrsta árið höfðu leikskólastjórar talsverðar áhyggjur af því að sum elstu börnin væru ekki tilbúin fyrir grunnskólann að því loknu. Einn leikskólastjóri nefndi að þrátt fyrir góðan stuðning við íslensku og undirbúning fyrir grunnskóla væru ekki öll börn tilbúin fyrir grunnskólann og nefndi dæmi um einn dreng í þessu samhengi, sem leikskólastjóri taldi að hefði e.t.v. heldur ekki verið tilbúinn fyrir grunnskólann í upprunalandinu:

... þannig að varðandi svona undirbúninginn veit ég ekki alveg hvað hann er kominn langt ... það eru svona líka ákveðnar vísbendingar um að hann sé svolítið ör ... þó að hann væri bara í arabísku samfélagi, hann er svona einbeitingar ... svona ... það er ómögulegt að vita hvað er hvað ... ég held að það sé algerlega borin von um að hann sé bara 100% tilbúinn í grunnskóla varðandi íslenskuna, það þarf einhvern veginn ... að fylgja því eftir.

Í sumum leikskólanna var sérstök áhersla lögð á sjónrænt skipulag til að hjálpa börnunum að lesa í umhverfi sitt og að sögn starfsfólksins var það gagnlegt bæði fyrir börn og foreldra.

Starfsfólk sumra leikskólanna nefndi að börnin virtust fá góðan stuðning við arabískuna heima, en átti erfitt með að meta stöðu þeirra í arabísku. Starfsfólk eins leikskóla talaði um að jákvæðni og stuðningur heima fyrir væri greinilega að veita barninu góðan stuðning:

... þannig að hann í raun og veru með sinni jákvæðni og bara ... við sjáum líka eins og með hann að ... það er greinilega vel haldið utan um hann heima ... hann er með gott ... bakland, talar arabískuna náttúrulega vel og með góðan grunn í móðurmálinu ... fyrir vikið gengur honum vel ... máltakan á íslensku gengur þá vel ... af því hann hefur ... og það er verið að bæta á orðaforðann hans á arabísku, þau eru greinilega að syngja og lesa þú veist ... það er verið að vinna, sem skiptir rosalega miklu.

Einnig nefndi starfsfólkið að góður grunnur í móðurmálinu veitti börnunum forskot. Einn leikskólakennari sagði um þetta:

Það sem við höfum svona verið að velta fyrir okkur hvort að sé, er hann svona góður af því hann var búinn að ná svona góðri færni á sínu máli – af því mér finnst það alltaf koma svona meira og meira inn að krakkar sem eru með góðan grunn og vel fær í sínu tungumáli, þau eiga auðveldara með að tileinka sér næsta tungumál.

Hjá yngri börnunum var lögð áhersla á sambærilegar kröfur til þeirra og annarra barna þar sem þau væru á máltökuskeiði og mætti ekki gera of miklar kröfur til þeirra.

## Flutningur í grunnskóla

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

Drjú af börnunum voru að ljúka leikskólagöngu þegar viðtölin voru tekin og undirbúningur fyrir grunnskólagöngu þeirra hafinn með markvissu samstarfi við grunnskólana. Starfsfólk leikskóla nefndi samt að foreldrar ættu erfitt með að átta sig á að leikskólinn lokaði um sumarið eða að börnin færu í sumarfrí áður en grunnskólinn hæfist. Einnig ættu þeir erfitt með að skilja að þeir þyrftu að borga fyrir heilsdagsvistun barnanna í grunnskólanum.

Starfsfólk leikskólanna taldi víst að börnin færu í almennan fyrsta bekk með öðrum börnum, enda stæðu þau jafnfætis jafnöldrum sínum. Leikskólastjórar töldu þó sumir að líklegt væri að börnin þyrftu að fá sérstakan stuðning við íslenskuna a.m.k. fyrst um sinn. Einn leikskólastjóri sagði:

... að sjálfsgöðu er stafrófið, þetta er allt tvöfalt fyrir hann ... af því hann er að læra arabísku heima líka ... en hann bara stendur sig mjög vel ... í rauninni ... í málinu og ... já kannski aðeins slakari eins og að ríma og það er svona ... hann verður örugglega seinni til að lesa ... en það er allt eitthvað sem er hægt að halda utan um ... og það væri náttúrulega ekkert verra ef hann fengi einhverja sérkennslu til þess að hvetja hann áfram.

Þegar spurt var um móðurmálskennslu barnanna kom fram í viðtölunum að í sumum tilvikum hefði verið rætt að grunnskólinn sæi um að útvega arabíska móðurmálskennslu.

Í viðtölunum var rætt um matstæki og hvort sérstök tæki væru notuð til að meta kunnáttu barnanna og annarra tvítyngdra barna. Starfsfólkið nefndi að um sama mat væri að ræða og hjá öðrum börnum, þ.e. málþroskamati í kringum þriggja ára aldurinn sem tæki á skilningi, framburði og tjáningu og svo Hljóm-2 próf í kringum fimm ára aldurinn. Einn leikskólastjóri nefndi að barnið hefði ekki komið vel út í Hljóm-2 prófinu, enda væri ekki hægt að ætlast til þess eftir eitt ár í leikskólanum. Grunnskólinn myndi hugsanlega skipuleggja eitthvað í framhaldi af skilafundum milli leikskólans og grunnskólans. Starfsfólk nefndi að foreldrarnir væru hvattir til að nýta sér námskeið sem grunnskólinn byði áður en hann hæfist um haustið.

## Samstarf foreldra og leikskóla

Starfsfólk leikskólanna var ánægt með samstarfið við foreldrana og þakkaði það bæði góðum undirbúningi af hálfu sveitarfélagsins og vilja fjölskyldnanna til samstarfs. Þó að fjölskyldurnar séu ólíkar að mörgu leyti, t.d. hvað varðar fjölda barna, aldur foreldra, menntun, stöðu í upprunalandinu og reynslu af átökum gekk foreldrasamstarfið almennt vel að sögn starfsfólks leikskólanna. Undirbúningurinn skilaði sér að mati starfsfólksins í því að samskiptin gengu vel frá upphafi. Auk þess var starfsfólk sumra leikskólanna búin að undirbúa sig aukalega fyrir komu flóttafólksins með ýmsum hætti. Að sögn starfsmanns eins leikskóla voru foreldrarnir mun öruggari en hann bjóst við:

Óvenju örugg ... og við náttúrulega vorum aðeins svona búin að kynna okkur ... þeirra menningu, við svona bara sáum um það svolítið sjálfar ... bara svona ... af því að margt í menningunni þeirra, eins og í trúnni og þannig, með matarmenninguna og allt svoleiðis þannig við vorum búin að þú veist undirbúa eldhúsið og allt þetta ... því það er náttúrulega, hann borðar ekki kjöt sem er venjulega slátrað eins og við og þannig skilurðu ... þannig þetta svona, við vorum búin að undirbúa okkur vel með það ... svo var það líka þannig að það var fyrir tilviljun var einn kennari í húsinu ... hafði örlitinn grunn í arabísku.

Tungumálakunnátta foreldranna var mjög mismunandi, sumir höfðu góða enskukunnáttu, en aðrir voru ólæsir á móðurmál sitt og önnur tungumál. Mismunandi tungumálakunnátta hafði áhrif á samskiptin, en þrátt fyrir það voru foreldrarnir að sögn starfsfólksins yfirleitt mjög jákvæðir gagnvart leikskólunum.

Starfsfólk leikskólanna nefndi sumt að þrátt fyrir að þakklæti og eftirvænting hefði verið mikil hjá foreldrunum fyrst um sinn, hefði jafnframt borið á óöryggi þeirra svo að töluverður tími fór í að skapa traust. Einnig upplifði sumt starfsfólk að foreldrum liði ekki vel í fjölmenni þegar viðburðir voru í leikskólanum svo sem útskrift elstu barnanna og velti fyrir sér ástæðum þess. Einn leikskólastjóri sagði um þetta:

Þau eru svona þínu flóttaleg. Þeim líður ekkert rosalega vel í þessum aðstæðum ... þau koma svolítið seint alltaf eða eru einhvern veginn að lauma sér inn, greyin þannig ég veit ekki hvernig þeirra líðan er gagnvart þessu ... en þau eru svona, eru að uppfylla þessar væntingar sem fólk er að gera til þeirra með þátttöku.

Leikskólastjórinn bætti við:

... svo vorum við að reyna, af því ég var að reyna að útskýra hvernig væru hefðirnar hérna með útskriftina, börnin væru fin og bara láta þau vita svo að þeirra barn væri náttúrulega ekki bara, ekki bara í venjulegum fötum, hin flest öll fin þannig að, en þá kom öll fjölskyldan bara mjög fin sko, bara alveg í sínu ábyggilega finasta þússi.

Upplýsingum til foreldra var komið til skila með túlkum á öllum foreldrafundum og samskiptum, en þegar leið á árið dró úr túlkun í almennum samskiptum eftir því sem foreldrarnir lærðu íslenskuna betur. Þó nýtti starfsfólk leikskólanna túlk þegar rætt var við foreldra um matstæki og aðra flóknari hluti tengda leikskólastarfinu. Þegar á leið voru upplýsingar sendar til foreldra með tölvupósti eða SMS. Í sumum leikskólanna var skólanámskráin, bæklingar um leikskólastarfið og dagskipulag þýtt á móðurmál foreldra. Starfsfólkið nefndi líka að það notaðist við ýmislegt til að eiga dagleg samskipti, svo sem google translate, táknaál og bendingar.

Þegar leið á fyrsta árið fóru þó áhyggjur og vonbrigði sumra foreldra að aukast. Starfsfólk leikskóla talaði um hæðir og lægðir í líðan foreldranna og að það hefði verið búið undir það. Einn leikskólastjóri sagði:

Þetta með svona hæðir og lægðir var algjörlega eins og Rauði krossinn hafði talað um. Í upphafi að það er allt spennandi. Þú ert að koma í öryggið og það er allt nýtt og þú ert að fá svolítið upp í hendurnar og svo ertu svolítið einn og þú þarft að finna út úr þessu og þá kemur hérna ... þú veist þetta er svona ferðalag.

Annar leikskólastjóri sagði um þetta:

Mér finnst áfallið vera að koma núna hjá þeim. Fyrst þegar þau komu þá voru þau ofsalega þakklát ... þau voru svona glöð og eftirvæntingarfull og tilbúin að læra og svona. Núna finnst mér þau frekar bitur ... og þau fá ekki jafn mikið og hin fjölskyldan. Það er minna verið að gera fyrir þau og svona, já, ég upplifi svona depurð og vantraust.

Sumir leikskólanna gripu til sinna ráða til að styðja við foreldra. Dæmi var um að móður eins barns var boðið starf í leikskólanum „til að ná henni út“, eins og leikskólastjóri orðaði það. Að sögn leikskólastjórans hafði hún einangrast svolítið:

Hún kom aldrei í leikskólann. Við erum búin að sjá hana kannski í mesta lagi fjórum sinnum á þessu ári ... hún kemur ekki með barnið, sækir barnið ekki ... er bara heima þannig að við svona ... fannst þetta vera svona samfélagslegt verkefni og eiga þínu hlut í þessu fólki þannig að aðstoðarskólastjóranum datt þetta í hug að prufa þetta ... og það er að gefast ágætlega, hún náttúrulega skilur ekkert ... en hún er að reyna og það er miklu ... það eru framfarir sko og þetta hefur mjög góð áhrif á drenginn ... maður sér að þetta effir hann, mamma mín er líka að vinna ... þú veist, hann svarar því, nú er mamma hans komin að vinna ... og hann er að kenna henni íslensku segir hann.

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

Starfsfólkið nefndi að sumir foreldranna ættu erfitt vegna aðstæðna fjölskyldu sinnar á átakasvæðum og að hugsanlega truflaði það aðlögun þeirra. Einn leikskólastjóri sagði um móður:

Hún var voða svona, það sem við vitum er að hún hugsaði mikið heim, hún hugsaði mikið til fjölskyldunnar sinnar úti ... hún var voða upptekin af því og átti erfitt með að einbeita sér að því að læra íslensku og að komast inn í samfélagið af því hún var með hugann þar.

Að loknu fyrsta árinu þegar fjárhagsstuðningi við fjölskyldur lauk þurftu foreldrar að finna sér vinnu og sumir fengu aðstoð við það. Starfsfólk leikskólanna nefndi að þetta hefði reynst mörgum foreldrum erfitt. Í stærri fjölskyldunum þar sem börnin stunduðu nám í mismunandi skólum og jafnvel í ólíkum sveitarfélögum snerist líf foreldranna um að fara með börnin í skólana og sækja þau og þeim fannst sumum erfitt að stunda vinnu samhliða því.

Nokkur dæmi voru um aðstæður þar sem þátttakendur töldu að foreldrar hefðu átt erfitt af menningar- og trúarlegum ástæðum. Eitt dæmi var um sumarhátíð sem haldin var í leikskóla. Leikskólastjóri lýsti því hvernig misskilningur olli því að boðið var upp á pylsur á tíma föstu hjá foreldrunum og að það hefði gert þeim erfitt fyrir. Hún sagði um þetta:

... það var sumarhátíðin, þá komu þau ... fóru snemma já en það var líka, það var einhver misskilningur og hún var akkúrat á þeim tíma sem að þau eru í föstu ... við vorum að grilla pulsar og þetta var svona kannski eitthvað óþægilegt.

Foreldrarnir voru þó almennt jákvæðir gagnvart síðum og venjum leikskólanna. Einn leikskólastjóri sagði:

... það má kannski líka bæta því við að þau hafa verið mjög jákvæð og tekið þátt í íslenskum síðum og venjum ... bara eins og með jólin, við kynntum jólasveinana og hann fékk í skóinn og vissi hvað þeir hétu af því pabbinn fékk bók hjá [starfsmanni] og ... hann vissi af hverju Gáttaþefur hét Gáttaþefur ... það var alla leið, og hann fékk að fara með okkur í kirkju ... sem er mjög jákvætt.

Þrátt fyrir að það bæri á kvíða og óöryggi hjá sumum foreldrum þegar leið á fyrsta árið var þróunin öðruvísi hjá öðrum foreldrum að sögn starfsfólks leikskólanna. Tveir starfsmenn sögðu um fjölskyldu barns:

... svona eftir því sem að vikur og mánuðirnir liðu þá fór hún svona meira ... eins og mamman og pabbinn að þú veist svona meira að brosa framan í okkur ... maður fann bara að þau urðu alltaf svona öruggari ... mamman náttúrulega bara eins sólargeisli hérna alltaf ... já þau eru bara algerlega frábær ... þetta er ótrúlegt fólk sko.

Þessir foreldrar töluðu ekki ensku en voru duglegir að spreyta sig á íslenskunni að sögn starfsfólksins. Starfsfólkið gerði sér þó grein fyrir að það væri ekki sjálfsagt mál að samstarf við foreldra gengi svo vel sem raun bar vitni:

... þetta er svona ótrúlega eitthvað jákvætt fólk sem að bara virkilega vill einhvern veginn nálgast þetta nýja líf ... og ... taka þátt í því sem er verið að gera ... ég held að við höfum verið alveg ótrúlega heppin með ... þessa fjölskyldu ... eins og ég segi ... úr öllu þessu sorglega ferli sko ... þá einhvern veginn varð allt svo jákvætt.

Starfsfólk leikskólanna hafði líka skilning á því að það væri ekki ein rétt leið til að eiga góð samskipti við foreldra. Einn leikskólastjóri sagði um þetta:

... en það sem að kannski svo gerist sko, það er ekki til ein uppskrift ... þá kannski förum við að reka okkur á fyrst eftir að börnin byrja ... við erum ofboðslega heppin samt með fjölskyldur.

Dáttakendur voru að eigin sögn undirbúnir fyrir að samskipti við foreldra gætu reynt á og orðið erfið og sögðust því sumir vera þakklátir fyrir að samskiptin gengu vel.

## Menning og trúarbrögð

Ekki höfðu orðið miklir erfiðleikar vegna menningarlegra og trúarlegra þátta að sögn starfsfólks leikskólanna og taldi það að góður undirbúningur, bæði á námskeiðum á vegum sveitarfélaganna og í leikskólunum hefði komið í veg fyrir slíka erfiðleika. Einn leikskólastjóri nefndi að starfsfólk leikskólans hefði fengið fyrirlestur um fordómaleysi og að vera opinn fyrir ólíkum menningarheimum. Hún benti á að það sæist á konunum að þær kæmu úr öðrum heimi og að það eitt gerði fólk kannski forvitið. Þá væru tímasetningar stundum í lausu lofti hjá foreldrunum og þyrfti að gera kröfur um að þau fylgdu dagskrá leikskólastarfsins. Einnig vantaði foreldrana stundum öryggisbúnað fyrir börnin í bílunum, en þau brugðust við þegar þeim var bent á að slíkt væri skylda á Íslandi. Í leikskólunum var almennt talað um að menningar- og trúarlegur munur væri ekki hindrun fyrir þátttöku barnanna.

Leikskólastjórnir töluðu um að það væri misjafnt eftir fjölskyldum hve mikið þær fylgdu hefðum múslima, en í flestum tilvikum áttu börnin ekki að fá svínakjöt samkvæmt óskum foreldra. Einn leikskólastjóri sagði þó að það hefði komið starfsfólkinu á óvart hve afslappaðir foreldrar væru varðandi þetta:

Við vorum mikið að velta fyrir okkur, við vorum eitthvað að spá í páskana ... já og hann gaf þau skilaboð eins og einhvern veginn þau væru kristin ... þá skildum við ekkert af hverju hún væri með slæðu, en við höfum ekkert farið lengra með það ... en við vorum svo hissa já, af hverju er þetta svona og eitthvað, en kannski virðast þau vera ekkert rosalega stressuð yfir þessu sem fjölskylda að við séum að halda okkur í einhverju, réttum megin með þeirra menningu, þau eru svona frekar afslöppuð sko ... við spurðum einmitt meðal annars varðandi fæði, ef óvart myndi gerast að hann fengi svínakjöt ... þá væri það bara svoléiðis ... en samt erum við ... alltaf að passa.

Hjá börnunum í leikskólunum höfðu ekki komið upp erfiðleikar eða átök sem tengdust menningarmun fyrsta árið. Starfsfólk í leikskólunum nefndi þó að börnin skynjuðu sum sjálf að þau væru á einhvern hátt öðruvísi en hin börnin. Starfsmaður í einum leikskóla nefndi dæmi um barn sem borðaði ekki kjöt í leikskólanum. Þegar hann sæi hina krakkana vera að borða kjöt segði hann af og til: „Ég fer að borða kjöt þegar ég er hvítur.“

## Umræður og lokaorð

Hér hefur verið fjallað um helstu niðurstöður viðtala við starfsfólk sex leikskóla um reynslu þess af móttöku og starfi með flóttabörnum og foreldrum þeirra fyrsta árið. Fjallað hefur verið um undirbúning á vegum sveitarfélagsins og í leikskólunum fyrir komu barnanna, móttöku þeirra, starfshætti í leikskólunum, máltöku og málörvun, flutning í grunnskóla, samstarf við foreldra og menningu og trúarbrögð.

Niðurstöður benda til þess að börnunum vegni vel í leikskólunum, móttaka og samstarf við foreldra hafi almennt gengið vel, ekki síst vegna góðs undirbúnings fyrir komu flóttabarnanna. Það eru þó ærin verkefni sem leikskólarnir standa frammi fyrir, og snerta m.a. málörvun, flutning í grunnskóla og ólík tungumál og menningu.

Starfshættir leikskólanna eru fjölbreyttir og lögð er áhersla á þátttöku barnanna í leik og starfi. Misjafnt er hvernig unnið er með börnunum í leikskólunum og fer það eftir áherslum í starfi í hverjum leikskóla. Hvað málörvun flóttabarnanna varðar, fer hún aðallega fram í hópum með öðrum börnum, en eldri börnin fá sérstakan stuðning nokkra tíma á viku. Mjög fáir kennarar

tala bæði íslensku og arabísku, en stuðningsaðilar og túlkar hafa verið fengnir inn í skólana til að styðja börnin fyrst um sinn. Túlkar hafa þó fyrst og fremst verið nýttir á foreldrafundum.

Í skólunum fer ekki fram markviss kennsla á móðurmáli barnanna, arabísku, en tungumál barnanna í leikskólunum, þar með talin arabíska, eru gerð sýnileg með ýmsum hætti og börnin telja og syngja á þeim. Slíkar áherslur eru í anda fjöltyngismenntunar til félagslegs réttlætis sem Chumak-Horbatsch (2012), Cummins (2001, 2004) Skutnabb-Kangas o.fl. (2009) og fleiri hafa fjallað um. Þó mætti áhersla á móðurmál vera mun sterkari í leikskólunum, en í viðtölunum kom fram að skilningur væri fyrir hendi hjá starfsfólki um mikilvægi móðurmálsins og að vilji væri til að styrkja móðurmálið í leikskólunum. Leikskólarnir leggja áherslu á að kenna börnunum íslensku og hjá eldri börnunum er sterk áhersla á að undirbúa þau fyrir grunnskólann (Jóhanna Einarsdóttir, 2007), en starfsfólk leikskólanna hefur sumt áhyggjur af því hvernig börnunum muni vegna í grunnskólunum.

Samstarf við foreldra hefur gengið vel í leikskólunum fyrsta árið. Starfsfólkið sem rætt var við var ánægt með samstarfið og fram kom virðing og umhyggja fyrir foreldrunum og börnunum. Starfsfólkið hafði fengið margvíslega fræðslu, m.a. um ólíka menningu, umburðarlyndi og fordóma og mætti foreldrum með opnum huga. Fræðslan var þó nokkuð ólík bæði eftir sveitarfélögum og leikskólum. Starfsfólkið dáðist margt af því hve mikið foreldrarnir lögðu á sig í nýju hlutverki og nýjum aðstæðum. Víðsýni og opinn hugur var þannig áberandi hjá starfsfólkinu, og þrátt fyrir að það hefði ekki fengið markvissa þjálfun í fjölmennningarlegri menntun (Banks, 2013; Nieto, 2010) eða fjöltyngisfræðum (Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2001, 2004) var starf þess að mörgu leyti í anda þeirra fræða af viðtölunum að dæma.

Þó að starfsfólk leikskólanna hafi verið búið undir áfallastreitu flóttabarnanna og fjölskyldna þeirra eins og rannsóknir Richman (1998), Rousseau o.fl. (2012) og Ziaian og félagi (2012) um flóttabörn í skólum hafa leitt í ljós, hefur lítið borið á henni hjá börnunum í leikskólunum að sögn starfsfólksins. Hins vegar nefna sumir þátttakenda að breytingar hafi orðið á líðan sumra foreldra þegar leið á fyrsta árið. Kvíði og efi hafi tekið við af þakklæti og eftirvæntingu hjá sumum foreldranna.

Af helstu niðurstöðum rannsóknarinnar má ráða að mikilvægt er að styrkja samstarf foreldranna og leikskólanna, og styðja starfsfólk leikskóla enn frekar með aukinni fræðslu og menntun á sviði fjöltyngismenntunar, fjölmennningarlegrar menntunar og kennslu íslensku sem annars máls. Jafnframt mætti fjölga starfsfólki sem talar bæði íslensku og arabísku til að styðja börnin og móðurmál þeirra, svo og skapa betri tengsl og traust við fjölskyldurnar í upphafi. Með þeim hætti mætti jafnframt stuðla að bættri líðan foreldra þegar líður á fyrsta árið og tímabili eftirvæntingar lýkur.

### **“There isn’t a single recipe” Refugee children’s first year in preschools in three municipalities in Iceland**

In 2016, eleven Syrian quota refugee families arrived in Iceland from Lebanon and settled in three municipalities (Stjórnarráð Íslands [Iceland Government Offices], 2019). This longitudinal qualitative interview study aims at understanding the experiences of these adults and their children in their preschool and compulsory school settings and leisure time activities; and to explore the experiences of principals and teachers in their schools and leisure time centres of the children’s reception, studies and educational partnerships with their parents. This article presents the findings of interviews with staff in six preschools in the three municipalities concerning the experiences of the reception and the first year of the children’s schooling. Altogether seven refugee children from the group, which arrived in 2016, attended these six preschools. They were one to five-years old when they started preschool in 2016. The

theoretical framework of the study includes critical approaches to education (Banks, 2013; May & Sleeter, 2010; Nieto, 2010) and multilingual education for social justice (Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2004; Skutnabb-Kangas, Phillipson, Mohanty & Panda, 2009). These approaches provide an important framework for critically addressing educational experiences of children and suggesting improvement. Methods included six semi-structured interviews with principals, heads of divisions and other staff in the children's preschools, altogether twelve individuals. The interviews were conducted in April-June 2017 in the preschools. Two individuals from each preschool participated in each interview. A thematic analytical approach (Braun & Clarke, 2013) was applied to analyze the data. The main themes derived from the data were: *preparation for the arrival of the children; reception of the children and the first year; educational practices; language acquisition; transition to compulsory school; educational partnerships with parents; and culture and religion*. The preschools differ in many ways, including size and age, policy and practices. The ratio of children with foreign background in the preschools differs, while all the preschools have some experience of working with culturally and linguistically diverse groups of children. The findings indicate that the children are doing well in the preschools and the educational partnerships with the parents have been largely successful, not least because of thorough preparations before the children's arrival. However, the preschools have many tasks and challenges to address, including for example the children's emergent bilingualism and different cultural heritage. Educational practices in the preschools are inclusive and diverse and active participation of the children is emphasized in free play as well as organized activities. The older children get extra support in Icelandic in small groups with other emergent bilingual children. The schools do not provide mother language support in Arabic; however, their language and other languages are made visible in various ways in the schools and the children sing and count in different languages. Such emphasis is in line with multilingual education for social justice which Chumak-Horbatsch (2012), Cummins (2001, 2004), Skutnabb-Kangas et al. (2009) and others have emphasized. The staff show respect and open-mindedness towards the culture and religion of the families and respect their effort of adapting to very different social and cultural conditions in Iceland. The staff are generally not trained in multicultural and multilingual education (Banks, 2013; Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2001, 2004; Nieto, 2010), however, the educational practices in the preschool adhere to such emphasis in many ways, according to the findings. Although most of the families are doing well after the first year, the staff note that some of the parents are becoming increasingly worried as time passes and that this could be related to concerns about their children's future. The findings indicate that educational partnerships with parents could be strengthened further in the preschools and that professional development of the staff in multilingual and multicultural education, as well as Icelandic as a second language, could provide a stronger educational and social basis for the refugee children. Hiring Arabic speaking staff for building bridges between preschool and parents and supporting the children would also be beneficial.

**Key words:** Refugee children, preschools, families, challenges.

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

## Um höfund

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) er prófessor í fjölmenningsfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og Dr.philos-prófi í menntunarfræði frá Háskólanum í Oslo árið 2007. Rannsóknir hennar hafa einkum snúist um börn og fullorðna af erlendum uppruna, flóttafólk í íslensku samfélagi og skólum og ýmsa þætti fjölmenningsfræðis skólustarfs.

## About the author

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) is Professor of Multicultural Studies at the School of Education, University of Iceland. She completed an M.Sc. degree in Anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986 and a Dr.philos in Education from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrants and refugees (children, adults and families) in Icelandic society and schools, multicultural education and school reform.

## Heimildir

- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. (2017). Greining á þjónustu við flóttafólk. *Skýrsla unnin af Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands fyrir Innanríkisráðuneytið og Velferðarráðuneytið*. Sótt af <http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2017/02/Flottamannaskýrsla2017.pdf>
- Banks, J. A. (2013). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues and perspectives* (8. útgáfa, bls. 3–23). New York: John Wiley and Sons.
- Block, K., Cross, S., Riggs, E. og Gibbs, L. (2014). Supporting schools to create an inclusive environment for refugee students. *International Journal of Inclusive Education*, 18(12), 1337–1355. doi:10.1080/13603116.2014.899636
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Chumak-Horbatsch, R. (2012). *Linguistically appropriate practice: A guide for working with young immigrant children*. Toronto: University of Toronto Press.
- Cummins, J. (2001). Bilingual children's mother tongue: Why is it important for education? *Sprogforum*, 19, 15–20.
- Cummins, J. (2004). *Language, power and pedagogy: Bilingual children in the crossfire* (3. útgáfa). Clevedon: Multilingual Matters.
- Denzin, N. K., Lincoln, Y. S. og Smith, L. T. (ritstjórar). (2008). *Handbook of critical and indigenous methodologies*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Eisenbruch, M. (1988). The mental health of refugee children and their cultural development. *International Migration Review*, 22, 282–300. Sótt af <https://www.jstor.org/stable/pdf/2546651.pdf?refreqid=excelsior%3A690e0d9c72aa4209d240207550995e7c>
- Elsa Hrund Jensdóttir. (2016). *Reception of refugee children and their families in healthcare. Healthcare professionals' point of view* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.
- Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa. (2011). *Flóttabörn á Íslandi: Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna. Ritroð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar, 4*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.



- Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar. Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengi nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. *Sérriit Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar / Learning spaces for inclusion and social justice*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi\\_felagslegs\\_rettlaetis\\_og\\_menntunar\\_an\\_adgreiningar\\_learning\\_spaces\\_for\\_inclusion\\_and\\_social\\_justice/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/001.pdf)
- Hanna Ragnarsdóttir og Clea Schmidt (ritstjórar). (2014). *Learning spaces for social justice: International perspectives on exemplary practices from preschool to secondary school*. London: A Trentham Book. IOE Press.
- Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama. (2018a). Flóttabörn í íslenskum skólum: Móttaka, skólastarf og samstarf við fjölskyldur. Glæður. *Fag tímarit Félags sérkennara á Íslandi*, 28, 57–66.
- Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama. (2018b). Refugee children in Icelandic schools: Experiences of families and schools. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 82–104). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Hones, D. F. og Cha, C. S. (1999). *Educating new Americans: Immigrant lives and learning*. Mahwah, NJ: Erlbaum.
- Hughes, G. (2014). Finding a voice through ‘The tree of life’: A strength-based approach to mental health for refugee children and families in schools. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 19(1), 139–153. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/1359104513476719>
- Jones, C. og Rutter, J. (ritstjórar). (1998). *Refugee education: Mapping the field*. Stoke on Trent: Trentham.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítil börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Keddie, A. (2012). Pursuing justice for refugee students: Addressing issues of cultural (mis)recognition. *International Journal of Inclusive Education*, 16(12), 1295–1310. Sótt af <http://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/13603116.2011.560687?src=recsys>
- Kvale, S. (1996). *InterViews: An introduction to qualitative research interviewing*. California: Sage.
- Kvale, S. (2007). *Doing interviews*. London: Sage.
- May, S. og Sleeter, C. E. (2010). Introduction. Critical multiculturalism: Theory and praxis. Í S. May og C. E. Sleeter (ritstjórar), *Critical multiculturalism: Theory and praxis* (bls. 1–16). New York: Routledge.
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* [10 ára afmælisútgáfa]. New York: Teachers College Press.
- Richman, N. (1998). *In the midst of the whirlwind: A manual for helping refugee children*. Stoke on Trent: Trentham.
- Robinson, K. H. og Díaz, C. J. (2006). *Diversity and difference in early childhood education: Issues for theory and practice*. Maidenhead: Open University Press.
- Rousseau, C., Measham, T. og Nadeau, L. (2012). Addressing trauma in collaborative mental health care for refugee children. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 18(1), 121–136. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1359104512444117>
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silja Guðbjörg Hafliðadóttir. (2018). *Móttaka og kennsla barna flóttafólks í leikskólum á Íslandi: Sjónarhorn deildarstjóra og sérkennara* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Siraj-Blatchford, I. (2006). Diversity, inclusion and learning in the early years. Í G. Pugh og B. Duffy (ritstjórar), *Contemporary issues in the early years* (4. útgáfa, bls. 107–118). London: Sage.
- Skutnabb-Kangas, T., Phillipson, R., Mohanty, A. K. og Panda, M. (ritstjórar). (2009). *Social justice through multilingual education*. Bristol: Multilingual Matters.
- Stjórnarráð Íslands. (2013). *Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafolk/adlogun-flottafolks/vidmidunarreglur-flottamannanefndar/>
- Stjórnarráð Íslands. (2019). *Fjöldi flóttamanna*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafolk/fjoldi-flottamanna/>
- Velferðarráðuneytið. (2014). *Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/leidb.regur.LOK.pdf>

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. (2014). Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log\\_og\\_reglur/vshi\\_sidareglur\\_16\\_1\\_2014.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log_og_reglur/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf)

Ziaian, T., de Anstiss, H., Antoniou, G., Sawyer, M. og Baghurst, P. (2012). Depressive symptomatology and service utilisation among refugee children and adolescents living in South Australia. *Child and Adolescent Mental Health*, 17(3), 146–152. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1475-3588.2011.00620.x/full>

Þórdís Þórðardóttir. (2016). Jafnrétti í leikskólum: Styrkir, veikleikar, menning og margbreytileiki. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 155–188). Reykjavík: Rannung og Háskólaútgáfan.



Hanna Ragnarsdóttir. (2019).

„Það er ekki til ein uppskrift.“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/04.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/04.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.36>